

13. fundur *Fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara* haldinn í mennta- og menningarmálaráðuneytinu 10. mars 2016, kl. 15-17. Lokafundur.

Mættir

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Björg Pétursdóttir, Björk Óttarsdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Haraldur Á. Haraldsson, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Klara E. Finnbogadóttir, Kristín Valsdóttir, Þórður Kristjánsson og Sólrún Harðardóttir.

Eftirfarandi höfðu boðað forföll: Guðbjörg Ragnarsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir, Sigrún Grendal og Sigurbjörn Marinósson.

Dagskrá

1. Skýrsla fagráðsins
2. Erindisbréf
3. Afhending skýrslu
4. Önnur mál

Sigurjón Mýrdal setti fundinn og bauð fólk velkomið.

Skýrsla fagráðsins

Skýrslan hefur verið í vinnslu fram á síðustu stundu og stóðu tvö atriði eftir ófrágengin og þörfnuðust umræðu innan fagráðsins. Fyrra atriðið tengdist fjármunum sem nýttir eru til starfsþróunar, nánar tiltekið bókun í kjarasamningum frá 2014, en þar er kveðið á um nýtt framlag vinnuveitenda sem nokkur aðildarfélög KÍ hafa valið að ráðstafa tímabundið til símenntunar og starfsþróunar. Hitt atriðið fjallaði um framgangsmöguleika á grundvelli starfsþróunar. Um bæði þessi atriði náðist niðurstaða og orðalag sem allir gátu sæst á og hægt var að ganga frá skýrslunni. Fulltrúar sambandsins lýstu yfir óánægju með þann nauma tíma sem gafst til samráðs á lokastigum skýrslugerðarinnar og að beiðni sambandsins um frestun á skilum hennar um eina viku hafi verið hafnað. Enn eru atriði í skýrslunni sem fulltrúar sambandsins telja að færa mætti til betri vegar.

Erindisbréf

Rætt var um tillögu til ráðherra að erindisbréfi fyrir nýtt samstarfsráð. Kallað var eftir viðbrögðum fundarmanna við henni. Athugasemd kom frá fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga um að þeir væru ekki sáttir við að orðið „samstarfsráð“ komi í stað orðsins „fagråd“ og telja að betur fari að nýja ráðið heiti *fagråd um starfsþróun kennara og skólastjórnenda* enda það orðið mönnum tamt. Fjallað var um fjölda í ráðinu og þótti sumum óeðlilegt að tiltaka fjölda fulltrúa hvers aðila í ráðinu. Fundarmenn veltu fyrir sér hvort skilvirkara væri að hafa færri í ráðinu, aðrir töluðu um að áhrifa ráðsins gætti víðar og hraðar þegar svo margir væru í því. Vitnað var til Jóns Torfa um að fagráðið væri mikilvægur vettvangur þar sem hagsmunaaðilar gætu verið ósammála.

Skýrsla afhent

Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra kom á fundinn og tók við skýrslunni. Hann þakkaði fagráðinu fyrir vinnuna sem það hefur lagt á sig í þágu starfsþróunar kennara sem hann telur mjög mikilvæga fyrir þróun í skólastarfi, faglega vitund, innleiðingu hugmynda og nefndi í því sambandi sérstaklega hlutverk háskólanna.

Illugi greindi frá því að starf fagráðsins hefði farið fram úr væntingum og hann hefði heyrt um það úr ólíkum áttum. Hann tók undir tillögu fagráðs um að framhald yrði á starfinu og lýsti því yfir að þessi samstarfs- og umræðuvettvangur myndi halda áfram.

Fulltrúar aðila fagráðsins lýstu sinni sýn á störf fagráðs og mikilvægi þess að halda áfram. Samhljómur var um að störf fagráðs hafi verið farsæl og haft góð áhrif á samstarf þeirra er að fagráðinu koma. Fundarmenn voru bjartsýnir um að áframhaldandi starf muni leiða margt gott af sér.

Önnur mál

Rætt um að frétt um lokaskýrslu fagráðsins myndi birtist fyrst á vef ráðuneytisins og svo væri æskilegt að aðilar fagráðsins birtu frétt og tengdu í skýrsluna.

Starfsmaður mun útbúa eintök skýrslunnar ásamt fylgiskjöllum fyrir sambandið, KÍ, ráðuneyti og háskólana.

Sólrún Harðardóttir fundarritari